

**A 1656/näring**

Lagt fram af:
Flokkahópur jafnaðarmanna

Fjallað um í:
Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 15-00208-1

Þingmannatillaga um aukna og sjálfbæra ferðaþjónustu á Norðurlöndum

Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein. Atvinnugreinin hefur t.d. vaxið um 30% á árunum 1995 - 2010 í Finnlandi. Mörg ný störf eru sköpuð í greininni ár hvert, einkum ungt fólk fær störf í ferðaþjónustu. Alþjóðleg ferðaþjónusta fjölgar störfum og eflir þjóðarhag. Störfum mun líka fjölga í ferðaþjónustugreinum í framtíðinni. Gert er ráð fyrir að allt að 50.000 ný störf skapist í einu Norðurlandanna innan greinarinnar fram til ársins 2020.

Alþjóðaferðamálastofnunin (UNWTO) hefur áætlað að ferðaþjónusta muni aukast, einkum fjölga langferðum ár hvert. Ferðamönnum mun stórfjölga frá Asíu, einkum Kína. Öryggi mun gegna æ meiri þýðingu í ferðaþjónustu eftir því sem tímar líða fram. Hinni svonefndu skyndibitameningu vex ásmegin - ferðamenn óska eftir sífellt fjölbreyttari upplifunum á stuttum tíma og góðri staðbundinni þjónustu. Samkvæmt Ferðamálaráði Evrópu (European Travel Commission) (2006) velja ferðamenn áfangastaðina í síauknum mæli eftir matarúrvali og öryggi landsins. Matarferðaþjónusta höfðar einkum til erlendra ferðamanna. Norðurlöndin eiga góð tækni á að vekja áhuga erlendra ferðamanna með því að markaðssetja svæðið sem öruggan og fjölbreyttan áfangastað.

Norðurlöndin hafa einstaka möguleika á að nýta norræna velferðarríkið, samfélagsuppbyggingu sína - Norðurlöndin eru svæði jöfnuðar og jafnréttis með framúrskarandi skólakerfi. Með því að markaðssetja Norðurlöndin sem áfangastað til að stunda nám getum við laðað að stjórnáamenn og fyrirtæki til að kynna sér hið einstaka samfélag okkar og velferðarkerfi. Þetta gagnast sérstaklega norrænum fyrirtækjum þar sem hægt er að koma á nýjum samböndum.

Samkvæmt Alþjóðaferðamálastofnuninni (UNWTO) mun markaðshlutdeild Evrópu í ferðaþjónustu minnka í framtíðinni. Um leið mun markaðshlutdeild Austur-Asíu og Kyrrahafssvæðisins aukast. Samkvæmt áætlunum mun ferðaþjónusta í Norður-Evrópu vaxa hægar en ferðaþjónusta í Suður-Evrópu. Norðurlöndin verða að bregðast við og þróa samstarfið og markaðssetninguna þannig að Norður-Evrópa verði freistandi áfangastaður fyrir erlenda ferðamenn.

Norðurlöndin hafa ekki enn sem komið er eigið vörumerki. Við markaðssetjum ekki Norðurlöndin sem heild, í ferðaþjónustunni gætum við t.d. markaðssett hina norrænu upplifun (the Nordic experience). Innan

ferðapjónustu hafa mörg svæði í heiminum ákveðið að markaðssetja svæðið sem heild, t.d. Karabíska hafið og Miðjarðarhafssvæðið.

Þegar kemur að Norðurlöndunum má finna aðskildar upplýsingar um öll Norðurlöndin á heimasíðum á borð við VisitSweden.com og VisitFinland.com o.s.frv., en við höfum ekki sameiginlega vefgátt, eins og til dæmis VisitNorden.com. Í augnablikinu eyða ríki Norðurlandanna hvert fyrir sig fjármagni í markaðssetningu landa sinna, en á meðan gætum við í staðinn unnið í sameiningu að því að laða fleiri ferðamenn að svæðinu, sparað fjármagn í hverju landi og byggt upp norrænt vörumerki.

Norðurlöndin ættu að vinna saman og grípa til beinna aðgerða til að auka þekkingu um heim allan á Norðurlöndunum. Markmiðið er að gera Norðurlöndin þekkt um heim allan sem freistandi áfangastað, eins og t.d. Karabíska hafið og Miðjarðarhafssvæðið eru núna. Norðurlöndin eiga líka að vera freistandi áfangastaður fyrir íbúa Norðurlandanna.

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að auka samstarf milli Norðurlandanna um aukna og sjálfbæra ferðapjónustu á Norðurlöndum

að móta sameiginlega norræna stefnu um hvernig löndin geti í sameiningu aukið ferðapjónustuna

að vinna að því að gera Norðurlöndin þekkt um heim allan sem freistandi áfangastað með því að setja á fót sameiginlega vefgátt þar sem ferðamenn geta leitað upplýsinga um Norðurlöndin sem heild

Ósló, 8. september 2015

Aleqa Hammond (S)

Annette Lind (S)

Gunvor Eldegard (A)

Henrik Dam Kristensen (S)

Ineqi Skourup Kielsen (S)

Johan Andersson (S)

Karen J. Klint (S)

Karin Gaardsted (S)

Lennart Axelsson (S)

Maarit Feldt-Ranta (sd)

Marit Nybakk (A)

Mogens Jensen (S)

Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir (A)

Per Rune Henriksen (A)

Phia Andersson (S)

Pyry Niemi (S)

Sonja Mandt (A)

Suzanne Svensson (S)

Ville Skinnari (sd)

Norðurlandaráð

A 1656/näring

Lagt fram af:

Flokkahópur jafnaðarmanna

Fjallað um í:

Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 15-00208-1

Norðurlandaráð

A 1656/näring

Lagt fram af:

Flokkahópur jafnaðarmanna

Fjallað um í:

Efnahags- og viðskiptanefnd

Málsnúmer 15-00208-1